
Lesið þetta



Stórglæsilegur Torinado árg. '75, sjálfskiptur, aflstýri og -bremsur, framhjóladrif, Brougham djúpbólstruð innrétting, veltistýri, rafknúnar rúður, læsing og skott, Cruise control, loftkæling, útvarp og segulband. Skipti. Einstakur dekurbíll.

BÍLAKAUP

SKEIFAN 5 — SÍMAR 86010 og 86030

HÁRGREIÐSLUSTOFAN ÖSP MIKLUBRAUT 1



PERMANENT — KLIPPINGAR — BARNAKLIPPINGAR — LAGNINGAR — BLÁSTRAR — LITANIR — GERUM GÖT Í EYRU

SÍMI 24596 RAGNHILDUR BJARNADÓTTIR HJÖRDÍS STURLAUGSDÓTTIR

Auglýsing

um aðalskoðun bifreiða í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur í júlímánuði 1979.

Mánudagur	2.	júlí	R—43201	til	R—43400
Þriðjudagur		3. júlí	R—43401	til	R—43600
Miðvikudagur		4. júlí	R—43601	til	R—43800
Fimmtudagur		5. júlí	R—43801	til	R—44900
Föstudagur		6. júlí	R—44001	til	R—44200
Mánudagur		9. júlí	R—44201	til	R—44400
Þriðjudagur		10. júlí	R—44401	til	R—44600
Miðvikudagur		11. júlí	R—44601	til	R—44800
Fimmtudagur		12. júlí	R—44801	til	R—45000
Föstudagur		13. júlí	R—45001	til	R—45200

Bifreiðaeigendum ber að koma með bifreiðir sínar til Bifreiðaeftirlits ríkisins, Bíldshöfða 8 og verður skoðun framkvæmd þar alla virka daga kl. 08:00—16:00.

Festivagnar, tengivagnar og farþegabyrgi skulu fylgja bifreiðum til skoðunar.

Við skoðun skulu ökumenn bifreiðanna leggja fram fullgild ökuskírteini. Sýna ber skilríki fyrir því að bifreiðaskattur sé greiddur og vátrygging fyrir hverja bifreið sé í gildi.

Athygli skal vakin á því, að skráningarnúmer skulu vera vel læsileg.

Samkvæmt gildandi reglum skal vera gjaldmælir í leigubifreiðum sem sýnir rétt ökugjald á hverjum tíma. Á leigubifreiðum til mannflutninga, allt að 8 farþegum, skal vera sérstakt merki með bókstafnum L.

Vanræki einhver að koma bifreið sinni til skoðunar á auglýstum tíma verður hann látinn sæta sektum samkvæmt umferðarlögum og bifreiðin tekin úr umferð hvar sem til hennar næst.

Bifreiðaeftirlitið er lokað á laugardögum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík
27. júní 1979
Sigurjón Sigurðsson.

HVAÐ SEGIR AFSTRAKTIÐ

Um sýningu Karls Kvaran

Myndlist



Það er ekki alltaf auðhlaupið að skýra það hvers vegna stíll eða stílbrigði koma fram í myndlist og hví þau þykja svo úrelt nokkrum árum seinna. Óhætt er að segja að myndlist breytist ekki að ástæðulausu, heldur er hún jafnan í viðbragðsstöðu gagnvart því þjóðfélagi sem hún þrífst í og samsvarar á sinn hátt tíðaranda hverju sinni. Það er misjafnlega auðvelt að sjá hvernig sú samsvörun kemur fram. Í hlutlægri list má einatt greina nokkuð skýra endurspeglun viðhorfa í þjóðfélaginu — hvað telst myndrænt, smekklegt, mikilvægt myndefni o.s.frv. og hvernig ber að meðhöndla þessi atriði. En málið versnar þegar komið er út í óhlutbundna list. Hvað er það sem frjálslegt samspil lína og ókennilegir litfletir eru að reyna að segja okkur um samtímann?

Flótti eða traustsyfirlýsing

Til marks um breytilega túlkun á þjóðfélagslegu gildi afstraktlistar, má nefna þau tvö viðhorf sem ríkt hafa varðandi geómetrísku listina sem kom aftur fram að seinni heimsstyrjöld lokinni. Sumir fræðimenn vilja kalla hana flótta inn í nýja veröld í kjölfar stríðshörmunganna, en aðrir telja að hún hafi verið jákvæð viðleitni og traustsyfirlýsing á nýsköpun, í anda De Stijl hreyfingarinnar.


Allt um það hlutu margir af eldri listamönnum okkar eldskírn sína í þesskonar list, þ.á m. Karl Kvaran sem nú heldur einkasýningu að Kjarvalsstöðum. Aðspurðir vilja þeir ekki segja meira um það tímabil í listinni en það hafi verið bæði krefjandi og spennandi og hafa farið undan í flæmingi þegar reynt hefur verið að herma upp á þá þjóðfélagsleg viðhorf. En einhver slík viðhorf í íslenzkum samtíma hljóta þeir að endurspegla og nú verða aðrir sporhundar en ég að fara á stúfana.

Að halda sínu striki

Þessi afstraktlist Íslendinga breyttist smátt og smátt, varð tilfinningalegri og frjálslegri, en þegar komið var fram yfir 1960 fór að heyrast baul yngri manna sem sögðu þessa list hafa gengið sér til húðar — hún kynni ekki að bregðast við nýjum tíma. Það átti Poppið, konseptið, Fluxus o.fl o.fl. aftur á móti að gera. Sumir afstraktmanna urðu bitrir, aðrir tóku upp nýja starfsháttu og enn fleiri héldu sínu striki. Einn af þeim síðastnefndu er Karl Kvaran. Hann hefur til þessa dags unnið einarðlega að rökréttu framhaldi þeirra hugmynda sem hann lagði grundvöll að fyrir aldarfjórðungi. Að vísu átti Þorvaldur Skúlason (og á enn) talsvert í því myndmáli sem Karl tamdi sér og síðar kom t.d. Richard Mortensen til sögunnar, en á síðustu fimm til sjö árum hefur Karl gefið þessari list sinni nýja og persónulega vídd sem hlýtur að vera með því merkilegra sem gert hefur verið á þessu sviði, hér sem annars staðar. Er þetta svo úrelt list?

Klassísk á köflum

Sjálfur skal ég fúslega viðurkenna að myndlist af þessu tagi höfðar ekki til mín á sama hátt og fyrir nokkrum árum, en það er jú mitt mál. Sömuleiðis finnst mér að í samtímanum ríki margs konar viðhorf sem nýrri hræringar taki meira tillit til en þessi fágaða myndlist Karls. En þar sem hún tekst best er hún boðberi samræmis, lífsgleði og munúðar og þá erum við sennilega komin út í skilgreiningu á fyrirbærinu „klassík"



Karl Kvaran — Í Garðssjó, olía.



Karl Kvaran — Hjartavernd, olía.

En slíka klassík skapar Karl ekki átakalaust. Ég hef t.d. aldrei verið sannfærður um ágæti litaskyns hans og mér hefur satt að segja fundist margar litasamsetningar hans afar grófar og tilviljunarkenndar. Hæfileikar Karls liggja kannski fyrst og fremst á sviði teikningar (í víðum skilningi) og það er í sviðsetningu sveigðra, hvelfdra og spenntra lína sem hann er í essinu sínu. Liturinn kemur svo eftir á, til uppfyllingar milli línanna.

En þessi teikning á það einnig til að fara úr böndunum. Myndir eins og nr. 22, 33, 35, 37 og 38 eru einum of æsilegar í dráttum og mikill hávaði myndast þegar línurnar skella saman. En nóta bene, þar sem teikning er stillileg og yfirveguð og litirnir styðja hvern annan — þar gerast undursamlegir atburðir í málverki Karls Kvaran. Þetta gerist t.d. í nýjum myndum eins og Guðný, Í Garðssjó og Veikir tónar. Áhrifin minna um margt á síðustu og stærstu klippimyndir Henri Matisse (t.d. „L'Escargot"), sem boða stillingu og unað. En þá eru frekari gullhamrar líka óþarfir.